

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 28. desember 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2012, seinni umræða

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun 2012 sem oddviti og sveitarstjóri kynntu. Helstu niðurstöður áætlunar samstæðu eru: Skatttekjur 315.476 þús. rekstrartekjur 140.294 þús. samtals tekjur 455.770 þús. rekstrargjöld 444.694 þús. þar af kostnaður vegna launa áætlaður 230.824 þús. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliðið er áætluð jákvæð um 11.076 þús. en heildarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnsliða verði jákvæð um 13.049 þús. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 52.468 þús. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 225.500 þús. Að teknu tilliti til fjárfestinga og fjármögnunarhreyfinga er áætlað að handbært fé lækki um 182.032 þús. Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

2. Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

a. Fundargerð stjórnar 20. 12.2011

Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við hana.

b. Fjárhagsáætlun 2012

Í áætlun byggðasamlagsins kemur fram að heildartekjur eru áætlaðar 20.647 þús. og að þar af verði framlög sveitarfélaganna samtals 13.297 þús. króna en var 10.611 þús. árið 2011. Í sundurliðun með áætluninni kemur fram að skipting milli verkefna byggðasamlagsins er: menningarmál 9.118 þús. atvinnumál 4.017 þús. eignasjóður 133 þús. og fjármagnsliðir 30 þús. Hluttur Skagastrandar í framlögum til byggðasamlagsins er 26.7% eða 3.557 þús. Ekki voru gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlunina.

3. Bréf

a) Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, dags. 21. desember 2011

Með bréfinu er tilkynnt um að 300 þoskígildistonna byggðakvóta hafi verið úthlutað til Skagastrandar. Bréfið var rætt og þær skýringar sem þar eru gefnar á breytingum á úthlutunum byggðakvóta til byggðarlaga annarsvegar og á reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa hins vegar. Í bréfinu kemur fram að vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins skuli hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 20. janúar 2012.

Samþykkt að senda ráðuneytinu tillögur um sérstök skilyrði innan tilgreindrar tímamarka.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

b) Skipulagsstofnunar, dags. 19. desember 2011

Með bréfinu tilkynnir Skipulagsstofnun að hún geri ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild stjórnartíðinda.

Bréfið var til kynningar

c) Hallbjarnar Hjartarsonar, dags. 1. des 2011

Með bréfinu sendir Hallbjörn þakkir til sveitarfélagsins fyrir stuðning við útvarp Kántrýbæ.

Bréfið var til kynningar.

4. Fundargerðir

Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. 12.2011

Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál.

Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir stöðu samningaviðræðna við Rarik um hitaveitumál.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11³⁵

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson